

# STJÓRNARTÍÐINDI B 1 — 1964

---

---

15. janúar.

1

Nr. 1.

**Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups um, að Selfosssókn verði skipt í tvennt, Selfosssókn og Laugardælasókn.**

Með skírskotun til bréfs yðar til ráðuneytisins, háæruverðugi herra, dags. 30. desember 1964, varðandi beiðni íbúa jarðanna Stóra Ármóts, Laugardæla, Sölvholts, Glóru, Dísastaða, Smjördala, Nýjabæjar, Ljónsstaða og Lækjamóta í Árnesprófastsdæmi um stofnun sérstakrar kirkjusóknar með kirkju að Laugardælum, tekur ráðuneytið fram, að þar sem fyrir liggur samþykki safnaðarfundar Selfossafnaðar og héraðsfundar Árnesprófastsdæmis fyrir ráðstöfun þessari, samþykkir það með tilvísun til tillagna yðar og 8. gr. laga nr. 31 1952, um skipan prestakalla, að Selfosssókn verði skipt í tvennt, Selfosssókn og Laugardælasókn, þannig, að framangreindir bæir verði sérstök sókn.

18. janúar.

Nr. 2.

## GJALDSKRÁ

**fyrir eftirlit með öryggisráðstöfunum á vinnustöðum.**

1. gr.

Eigendur eða umráðamenn eftirlitsskyldra atvinnufyrirtækja skulu árlega greiða gjald í ríkissjóð fyrir eftirlit með verksmiðjum, vinnustöðum og vélum, svo sem hér segir:

### A. Persónugjald:

Fyrir hvern verkamann eða konu, sem vinnur í fyrirtæki, skal greiða árlega kr. 30.00.

Skal tala verkafólks miðað við það, sem hún er, þegar fyrirtæki er í fullum gangi við venjulegan rekstur, t. d. vertíðarrektur frystihúsa eða síldarverksmiðja.

### B. Eimkatlar og hylki fyrir þrýsting:

1. flokkur. Gjald kr. 150.00.

Lágþrýstieimkatlar með allt að 2 kg/cm<sup>2</sup> þrýstingi og katlar með hærri þrýstingi, sem hafa allt að 2 m<sup>2</sup> hitaflöt. Opnir eimhitaðir geymar og lokuð eimhituð hylki með allt að 2 m<sup>3</sup> rúmtaki. Þrýstiloftshylki og hylki fyrir aðrar gastegundir með þrýstingi með allt að 2 m<sup>3</sup> rúmtaki.

2. flokkur. Gjald kr. 250.00.

Eimkatlar, sem hafa meiri þrýsting en 2 kg/cm<sup>2</sup> og eru með hitafleti frá 2 m<sup>2</sup> til 30 m<sup>2</sup>. Lokuð eimhituð hylki, sem hafa stærra rúmtak en 2 m<sup>3</sup>. Eimhitaðir suðu-

B 1